



# Stjórn Reykjaneshafnar

## Fundargerð

236. fundur Stjórnar Reykjaneshafnar haldinn þriðjudaginn 17. desember 2019 kl. 17:00 á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, 230 Reykjanesbæ.

**Mættir:** Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Hanna Björg Kornráðsdóttir aðalmaður, Kristján Jóhannsson aðalmaður, Sigurður Guðjónsson aðalmaður, Úlfar Guðmundsson aðalmaður og Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri.

## DAGSKRÁ

**1. Fjármál Reykjaneshafnar. (2019051175)**

Hafnarstjóri fór yfir Viðauki 2 við lánasamning milli Reykjaneshafnar og Reykjanesbæjar frá 3. ágúst 2018. *Lagt er til að Viðauki 2 verði samþykktur. Samþykkt samhljóða.*

**2. Gjaldskrá Reykjaneshafnar fyrir árið 2020. (2019120195)**

Hafnarstjóri fór yfir gjaldskrárbreytingar í gjaldskrá Reykjaneshafnar sem taka gildi 1. janúar 2020 en við gjaldskrárbreytingarnar var horft til yfirlýsingar Samband Íslenskra sveitarfélaga frá 3. apríl s.l. í tengslum við „Lífskjarasamninga 2019-2022“. *Lagt er til að fyrirliggjandi gjaldskrá vegna ársins 2020 verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.*

**3. Jafnréttisáætlun Reykjanesbæjar 2019. (2019120196)**

Jafnréttisáætlun Reykjanesbæjar 2019 sem samþykkt var á 577. fundir bæjarstjórar Reykjanesbæjar 3. desember s.l. *Lögð fram til kynningar.*

**4. Fiskistofa. (2019090576)**

Bréf Fiskistofu dags. 18.11.19 þar sem tilkynnt er um hlut Reykjaneshafnar í sérstöku strandveiðigjaldi til hafna sem innheimt var standveiðitímabilið 01.05.19 til 31.08.19. Eftirfarandi var lagt fram og bókað: *Stjórn Reykjaneshafnar fagnar viðkomandi tekjustofni sem í mörgum tilfellum styður við rekstur hafnarsjóða sem það hljóta þó hlutur Reykjaneshafnar hafi verið undir væntingum. Samþykkt samhljóða.*

**5. Hafnarsamband Íslands. (2019051158)**

Fundargerðir 417. og 418. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 18.11 og 06.12 2019 ásamt fylgiskjölum. *Lögð fram til kynningar.*

**6. Siglingarráð. (2019060287)**

Fundargerðir 19. fundar Siglingarráðs frá 03.10.2019. *Lögð fram til kynningar.*

**7. Samgöngustofa. (2019120197)**

Fréttabréf Siglingaverndar nr. 2 2019. *Lagt fram til kynningar.*

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HBK", "UG", and "SK".

**8. Samtök atvinnurekenda á Suðurnesjum (SAR). (2019060289)**

Minnisblað vegna hádegisverðarfundar SAR frá 28.11.19 ásamt fylgigögnum. Lagt fram til kynningar.

**9. Upplýsingagjöf hafnarstjóra. (2019051182)**

Hafnarstjóri fór yfir stöðu ýmissa mála er varðar starfsemi hafnarinnar.

**10. Önnur mál. (2019051178)**

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:10

*Höfnir Mel*  
*Hanna Björk Tomasdóttir*  
*Ólafur Magnússon*  
*Geir At*  
*Kristján Þórunn*